

Borgarstjórn Reykjavíkur
5. apríl 2022

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um könnun á virkjanamöguleikum á starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur

Borgarstjórn ályktar að hvetja Orkuveitu Reykjavíkur til að kanna til hlítar virkjanamöguleika á starfssvæði OR. Í þessu samhengi má nefna starfssvæði OR á Hellisheiði, Borgarfirði, Ólfusi og víðar. Orkuveita Reykjavíkur er einn stærsti raforkuframleiðandi landsins og býr yfir sjálfbærum grænum orkuauðlindum sem unnt er að nýta betur. Í dag er orkuskortur á Íslandi og hefur þurft að skammta raforku víða um land. Fram undan eru orkuskipti sem kalla á mun meiri raforkuframleiðslu auk þess sem bætt orkuöryggi er enn brýnna í ljósi alþjóðamála. OR getur gengt mikilvægu hlutverki í að auka raforkuframleiðslu og bæta þannig raforkuöryggi allra landsmanna. Orkuverð hefur hækkað gríðarlega undanfarið í heiminum öllum og þar er Ísland ekki undanskilið. Ísland kaupir bensín og olíu fyrir meira en eitt hundrað milljarða á ári hverju. Hærra orkuverð leiðir til kaupmáttarrýrnunar og er Ísland í einstökum færum á að fara í orkuskiptin þar sem við höfum greiðan aðgang að grænum orkugjöfum í formi jarðhita og vatnsafls.